

Nr. 23-006 S 004 Guðrún Þorkelsdóttir SU 211***Skipverji slasast***

Skipaskr.nr. 2944
IMO 9171022
Smíðaður: Noregur 1999, stál.
Útgerð: Eskja hf.
Stærð: 1773 BT.
Mesta lengd: 68,1 m Skráð lengd: 60,77 m
Breidd: 12,6 m Dýpt: 8,4 m
Vél: MAK, 3840 kW, 1998
Fjöldi skipverja: 10



Guðrún Þorkelsdóttir©Eskja

Gögn:
Gögn RNSA
Gögn Sjúkratrygginga
Íslands.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 30. ágúst 2022 var skipið við olíutöku við bryggju á Eskifirði. Veður: SA 2 m/s

Skipverji var að fara út á þilfar til að afhenda olíusýni. Var hann að fara niður stiga en þegar hann fór úr tröppu steig hann á olíuslöngu og missteig sig illa.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Skipverjinn steig á olíuáfyllingarslöngu sem lá á þilfarinu.
- Í þann mund er hinn slasaði var að stíga úr tröppu fór loftblásari í gang sem hann fípaðist við.
- Öryggishandbók vantaði fyrir skipið.

Nefndarálit:

Atvikið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni frekari rannsóknar.

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. ágúst 2023 af Guðmundi Frey Úlfarssyni, Hilmari Snorrasyni, Hirti Emilssyni og Pálma Jónssyni.